

ÚtgefandiLæknafélag Íslands
Læknafélag Reykjavíkur**Ritstjórn**Engilbert Sigurðsson,
ritstjóri og ábyrgðarmaður
Gerður Gröndal
Hannes Hrafnkelsson
Magnús Gottfreðsson
Sigurbergur Kárason
Tómas Guðbjartsson
Þórdís Jóna Hrafnkelsdóttir**Tölfræðilegur ráðgjafi**

Thor Aspelund

RitstjórnarfulltrúiVédís Skarphéðinsdóttir
vedis@lis.is**Blaðamaður og****Ijósmyndari**Hávar Sigurjónsson
havar@lis.is**Auglýsingastjóri og ritari**Sigdís Þóra Sigþórsdóttir
sigdis@lis.is**Umbrot**Sævar Guðbjörnsson
saevar@lis.is**Upplag**

1800

Áskrift12.400,- m. vsk.
Lausasala
1240,- m. vsk.**Prentun, bókband****og pökkun**

Prenttækni ehf.

Vesturvör 11
200 Kópavogi**© Læknablaðið**

Læknablaðið áskilur sér rétt til að birta og geyma efni blaðsins á rafrænu formi, svo sem á netinu. Blað þetta má eigi afrita með neinum hætti, hvorki að hluta né í heild, án leyfis.

Fræðigreinar Læknablaðsins eru skráðar (höfundar, greinarheiti og útdrættir) í eftirtalda gagnagrunna: Medline (National Library of Medicine), Science Citation Index (SciSearch), Journal Citation Reports/Science Edition og Scopus.

The scientific contents of the Icelandic Medical Journal are indexed and abstracted in Medline (National Library of Medicine), Science Citation Index (SciSearch), Journal Citation Reports/Science Edition and Scopus.

ISSN: 0023-7213



Læknisbústaðurinn Stafholtsey í Borgarfirði, mynd úr bókaflokknum *Eyðibýli á Íslandi*, þar eru nú komin út 7 bindi og rakin saga 550 húsa, birt með leyfi www.eydibyli.is

Læknisbústaðurinn og sjúkraskýlið í Brekku

Fyrsti fjórðungslæknir í Austfirðingafjórðungi, Brynjólfur Pétursson (1747-1828), bjó í Brekku í Fljótsdal og þar var læknissetur samfelt til ársins 1844 þegar Hans P.J. Beldring (1800-1844) lést. Næsti læknir, Gísli Hjálmarsson (1807-1867), bjó í Vallanesi og síðar á Höfða og eftirmenn hans bjuggu meðal annars á Ormarsstöðum og Eyvindará en árið 1903 fluttist Jónas Kristjánsson læknir (1870-1960) aftur í Brekku og þar var læknissetur og sjúkraskýli til ársins 1944 þegar staðurinn brann. Fluttist þá læknirinn til Egilsstaða og þar var síðan byggt sjúkrahús.

Myndina, sem er í eigu Þjóðminjasafnsins, tók Vigfús Sigurðsson (1880-1943) við vígslu sjúkraskýlisins í Brekku vorið 1907 og þar má sjá ýmsa framámenn héraðsins ásamt héraðslækninum. Hafist var handa við byggingu sjúkraskýlisins vorið 1904 og var Jón Þorláksson landsverkfræðingur, síðar forsætisráðherra, fenginn til að undirbúa byggingu hússins. Það var um 70 m² að grunnfleti, tvær hæðir og ris. Í upphafi voru þar fjögur sjúkrarúm og skurðstofa en rúmumun átti eftir að fjölga um meira en helming og þar voru sett upp ljósalækningatæki. Sjúkraskýlið var jafnframt embættisbústaður lækna sem sumir voru með stóra fjölskyldu. Þá var gert ráð fyrir að hjúkrunarkona byggji í húsinu og svo var þegar Bjarni Guðmundsson (1898-1973) tók við embættinu 1925 en skómmu síðar kvæntist hann hjúkrunarkonunni. Ásta Magnúsdóttir (1902-1997) varð þá allt í senn, forstöðukona sjúkraskýlisins, hjúkrunarkona, húsmóðir stórs og umsvifamikils sveitaheimilis og móðir barna þeirra hjóna. Slíkt var ekki óalgengt á læknissetrum víða um land.

Þegar læknar fengu embætti í héraði þurftu þeir auðvitað að finna sér stað til að búa á. Ekki var um fyrirfram ákveðna embættisbústaði eða jarðir að ræða nema hjá landlækni. Þróunin varð sú að eftir því sem bæir eflust fluttu læknar í þéttbýlið, það gilti til dæmis um Akureyri, Eskifjörð, Húsavík og Ísafjörð, en víðast um hinar dreifðu byggðir var örðugra um vik. Stundum áttu læknar sínar ábýlisjarðir en í flestum tilfellum fengu þeir jörð á leigu frá „hinu opinbera“ og ef þeir voru einir síns liðs kom það oft í hlut einhvers framámanns í héraðinu að skjóta yfir þá skjólshúsi. Var þá undir hælinn lagt hversu hentug sú jörð var til ábúðar eða hvernig hún lá við samgöngum innan héraðs. Stundum spruttu upp deilur um það hvar heppilegast væri að læknirinn byggji en auðvitað vildu flestir hafa hann sem næstan sér. Líklegast er eina



Ármúli á Snæfjallaströnd í Nauteyrarhreppi þar sem Sigvaldi Kaldalóns læknir sat árin 1910-1922. Gustav Rasmussen apótekari tók myndina síðsumars 1916, og er varðveitt hjá Ljósmyndasafni Ísafjarðar og birt með góðfúslegu leyfi þess. Í bókinni *Ég var felubarn* eftir Karl Oluf Bang segir meðal annars frá lífinu á Ármúla og húsinu þar.

undantekningin frá þessu þegar Sigvaldi Kaldalóns (1881-1946) var skipaður héraðslæknir í Keflavíkurlæknishéraði árið 1929 og settist að í Grindavík en ekki í Keflavík þar sem læknar höfðu setið síðan 1883. Mikil andstaða var í Keflavík við skipun hans í embættið og Læknafélagið hafði harðlega mótmælt skipuninni og taldi annan mann hæfari til starfans, nefnilega Jónas Kristjánsson sem verið hafði héraðslæknir á Sauðárkróki frá árinu 1911 en áður í Brekku.

Stafholtsey var læknissetur í tæp 50 ár. Páll Blöndal (1840-1903) varð sýslulæknir í Borgarfjarðar- og Mýrasýslu árið 1868 og bjó fyrst í Guðrúnarkoti á Akranesi. Eftir að hann kvæntist 1870 bjó hann um tíma í Lundum og á Hvítárvöllum en keypti jörðina Stafholtsey árið 1874 og bjó þar til æviloka. Jón Blöndal (1873-1920) tók við embættinu og jörðinni af föður sínum árið 1901 og byggði þar glæsilegt íbúðarhús (1906/1908) sem stundum var einnig sjúkrahús. Jón gegndi embættinu til dánardægis 1920, en hann drukkaði í Hvítá á leið í læknisvitjun. Eftirmaður Jóns, Jón Bjarnason (1892-1929), bjó fyrstu árin á læknissetrinu í Stafholtsey en „hann hafði loforð héraðsbúa um að fá vel hýsta jörð sem fyrst“. Byggður var læknisbústaður á Kleppjárnsreykjum enda var jörðin „nyttjalítill og kostsmá að því undanskildu að þar er mikill og völdugur hver“ og var þá ekki verið taka góða bújörð undir lækninn!

Jón Ólafur Ísberg